



Reykjavík 30. september 2021

Efni: Forvarnardagurinn 2021

Miðvikudaginn 6. október 2021 verður Forvarnardagurinn haldinn í 16 sinn í grunnskólum landsins og í ellefta sinn í framhaldsskólum.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Aðrir samstarfsaðilar að Forvarnardeginum eru Embætti landlæknis, sem sér um verkefnisstjórn dagsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Samfés, Heimili og skóli – landsamtök foreldra, Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Skátar, Rannsóknir og greining og SAFF – Samstarf félagasamtaka í forvörnum.

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti og er beint sérstaklega að nemendum í 9. bekk grunnskóla og á 1. ári í framhaldsskólum. Á Forvarnardaginn ræða nemendur meðal annars um hugmyndir sínar og tillögur um samverustundir með fjölskyldu og skipulagt íþrótt- og tómsundastarf, en þetta eru á meðal verndandi þátta gegn áhættuhegðun.

Markmið Forvarnardagsins er að vekja athygli á mikilvægum þáttum í forvarnarstarfi sem snúa að ungu fólki. Á heimasíðu Forvarnardagsins er meðal annars að finna fróðleik og myndbönd um forvarnir www.forvarnardagur.is

Allir sem koma að málefnum barna og ungmenna á einn eða annan hátt eru hvattir til halda forvarnardeginum á lofti og fylgjast vel með starfsemi grunn- og framhaldsskóla þennan dag með áherslu á fyrrgreinda árganga. Til dæmis með því að virkja fjölmiðla á svæðinu. Grunn- og framhaldsskólar eru sérstaklega hvattir til að finna leiðir til að leyfa fulltrúum nærsamfélagsins að fylgjast með verkefnum dagsins.

Höfum í huga að forvarnir er viðvarandi verkefni sem snýr bæði að almenningi og þeim sem bera ábyrgð á samfélagslegum ákvörðunum og stefnumörkun. Minnumst þess hversu góðum árangri hefur verið náð. Sem dæmi má nefna að fyrir rúmum 20 árum sögðust 42% nemenda í 10. bekk hafa neytt áfengis síðustu 30 daga í könnuninni „Ungt fólk“, en árið 2021 var talan komin í 6% (sjá meðfylgjandi mynd) og árið 2020 höfðu 53% nemenda í framhaldsskólum aldrei orðið ölvaðir (sjá meðfylgjandi mynd). Á vef Embætti landlæknis er að finna [staðreyndablað um forvarnir í skólum](#) sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar þegar unnið er að forvörnum.

Fyrir hönd samstarfsaðila Forvarnardagsins og með von um jákvæðar undirtektir,

Klara E. Finnbogaóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga

Ingibjörg Guðmundsdóttir

Inga Berg Gísladóttir
verkefnisstjórar Forvarnardagsins



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Embætti
landlæknis
Directorate of Health